



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>

Re: Breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps tillaga að breytingum á áður sendri tillögu  
Sent: 25-11-2019 15:11:19 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019110018, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

Tilvísun í mál: 2019110018

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Vopnafjarðarhreppi, dags. 20. nóvember sl., þar sem kynntar eru breytingar sem fyrirhugað er að gera á tillögu að breytingum á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps sem var send Náttúrufræðistofnun Íslands til kynningar á vinnslustigi fyrr á þessu ári. Breytingin felst í því að bætt er við stöðum fyrir fuglaskoðunarhús við Nýpslón eftir ábendingar frá fuglaáhugafólki. Óskað er eftir athugasemdum eða ábendingum Náttúrufræðistofnunar við þessa breytingu.

Í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 4. júlí sl. kom fram að stofnunin telur það vera gott framtak að koma upp fuglaskoðunarhúsum. Eins og þá vill stofnunin benda á að vandasamt getur verið að velja fuglaskoðunarhúsi réttan stað og mikilvægt er að hægt sé að komast í húsið óséður frá þeim stað þar sem fuglar halda sig til að fæla þá ekki burt. Gilda þessar ábendingar um nýjar staðsetningar. Á innsendri mynd virðist slóð liggja að tveimur fuglaskoðunarhúsanna en ekki því þriðja, því í miðjunni. Þetta er þó ógreinilegt, einnig loftmyndum. Nýir vegir valda raski og því er áriðandi að vanda vel til staðsetningu húsanna og aðkomu að þeim, sbr. ábendingu hér að ofan um að komast óséður að þeim, bæði til að lágmarka rask en einnig til að fuglar fælist ekki í burtu. Síðan má spyrja hvort nauðsynlegt sé að hafa þrjú fuglaskoðunarhús á svipuðum slóðum.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við þessa tilhögun.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>

Dags: 20-11-2019 08:47:57

Til: "ust@ust.is" <ust@ust.is>, Þuríður Elísa Harðardóttir <thuridur@minjastofnun.is>, Leifur Þorkelsson <leifur@haust.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is" <fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is>, "nordurthing@nordurthing.is" <nordurthing@nordurthing.is>, "langanesbyggd@langanesbyggd.is" <langanesbyggd@langanesbyggd.is>, Skarphéðinn Smári Þórhallsson <svaedisskipulag@ssa.is>, "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "upplýsingar@ferdamalastofa.is" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>

Efni: Breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps tillaga að breytingum á áður sendri tillögu

Góðan daginn,

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur ákveðið að gera breytingar á tillögu að breytingum á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps sem ykkur var send til kynningar á vinnslustigi í sumar. Breytingin felst í því að bæta við stöðum fyrir fuglaskoðunarhús við Nýpslón eftir ábendingar frá fuglaáhugafólki. Meðfylgjandi er mynd sem sýnir þá staðsetningu á aðstöðu til fuglaskoðunar sem óskað er eftir að bæta við.

Í samræmi við þessa ákvörðun hreppsnefndar verður tillögunni breytt og hún send til ykkar til umsagnar á sama tíma og hún verður auglýst.

Óskað er eftir athugasemdum eða ábendingum við þessa tilhögun sem fyrst og eigi síðar en 28. nóvember 2019.

Kveðja

Sigurður Jónsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vopnafjarðarhrepps

cid:image001.png@01D59F79.E1FFBAF0

[sigurdur.jonsson@efla.is](mailto:sigurdur.jonsson@efla.is)

Umhverfi og samgöngur

Byggingarverkfræðingur C.S.

**6656531**

**4126531**

<https://www.efla.is> / Hafnargata 28 /  
710 Seyðisfjörður / +354 412 6531

[Disclaimer](#)



- image001.png



- nypslon.jpg